

Umhverfisstofnun
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. ágúst 2022
Málsnúmer: 202206-0031
LA/BK/IAS/OKV

Efni: Umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 23. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna að áætluninni, sem er vel unnin og greinargóð, og telur að í henni koma fram helstu atriði sem mikilvægt er að fjalla um. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Landslag:

Ekkert er fjallað um landslag í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins þrátt fyrir að vera eitt af markmiðum friðlýsingarinnar frá 2021 (sjá 2. gr. nr. 935/2021). Snæfellsjökull og umhverfi hans hefur einstaka landslags upplifun þar sem jökull, hraun og haf mynda eina heild. Þá hefur landslag Snæfellsjökuls verið innblástur margskonar listsköpunar og haft mikla þýðingu fyrir samfélög við Faxaflóa og Breiðafjörð. Náttúrufræðistofnun telur að bæta þurfi inn í áætlunina kafla um landslag.

Efnistaka:

Eingöngu á að leyfa sjálfbæra efnistöku innan þjóðgarðsins, svo sem eins og við Móðulæk, þar sem árframburður nær að endurnýja sig reglulega. Bergnám við Malarrif er rask sem ekki verður hægt að bæta og er auk þess á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Slíkar námur á ekki að leyfa innan þjóðgarðsins. Setja þarf skilyrði um eftirlit með efnisnámi.

Gróður og vistgerðir:

Til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni telur Náttúrufræðistofnun að einnig þurfi að vernda og vakta vistgerðir jafnt á við fágætar plöntutegundir sem eru eingöngu nefndar í kaflanum. Í áætluninni er lítið fjallað um vistgerðir en í viðauka er birt vistgerðarkort og yfirlit (töflu) yfir umfang vistgerða. Náttúrufræðistofnun telur að bæta megi umfjöllun um vistgerðir og verndargildi þeirra inn í kafla 2.3.2.

Dýralíf:

Á bls. 17 er upptalning á þeim fuglategundum sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á og verpa innan þjóðgarðsins. Náttúrufræðistofnun bendir á að steindepill og sólskríkja (snjótittlingur) eru ekki ábyrgðartegundir og á listann vantar fuglategundirnar ritu, stuttnefju, lunda og fálka. Setning um að stuttnefja sé ekki ábyrgðartegund er röng.



Vöktun náttúruminja:

Í auglýsingu um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökul (935/2021) kemur skýrt fram í 9. gr. að Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í þjóðgarðinum skv. lögum um náttúruvernd.

Á bls. 48-49 er annars vegar talað um samvinnu Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallabþjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana sem hófst 2019 og hins vegar verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða sem hófst árið 2019. Hér er um að ræða sama verkefnið og þarf að endurskoða þennan texta. Árið 2022 var verkefnið tengt inn í Vöktun lykilþátta náttúru Íslands hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem fyrrgreindar stofnanir og náttúrustofur sjá um ákveðna þætti vöktunar fyrir stofnunina. Til dæmis sér Náttúrustofa Vesturlands um vöktun á bjargfuglum og refum innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökul fyrir Náttúrufræðistofnun.

Náttúrufræðistofnun telur samráð við þjóðgarðinn um vöktunaráætlun á náttúrufari vera mikilvægt og að inn í Aðgerðaráætlun fyrir árið 2023 megi setja sambærilegan texta og er um Minjastofnun, þ.e. Þjóðgarðurinn og Náttúrufræðistofnun Íslands, ásamt Náttúrustofu Vesturlands, vinna að vöktunaráætlun innan þjóðgarðsins og endurskoði eldri áætlun ef þörf þykir.

Á bls. 5 í Aðgerðaráætlun stendur: „Sett verði upp einfalt vöktunar- og skráningarkerfi sem starfsmenn Þjóðgarðsins geta sinnt í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands.“. Innan samstarfsverkefnisins Vöktun náttúruverndarsvæða og Vöktun lykilþátta hefur Náttúrufræðistofnun nú þegar sett upp einfalt vöktunar- og skráningarkerfi sem hægt er að nýta.

Annað:

Á bls. 21 er sagt að þrír fastir starfsmenn starfi í þjóðgarðinum, en í upptalningu eru fjögur starfsheiti nefnd; þjóðgarðsvörður, sérfræðingur, þjónustustjóri og landvörður.

Á bls. 24, kafli 2.10, er fjallað um fjarstýrð loftför og þar mætti setja inn upplýsingar um reglur eða vitna í aðra kafla þar sem þær koma fram (t.d. bls. 52). Það yrði einnig í samræmi við kaflann sem kemur á eftir (kafla 2.11) þar sem bent er á leyfisskyldu. Í kafla 3.7.8.2 um fjarstýrð loftför kemur fram að óheimilt sé að fljúga innan þjóðgarðsins á tímabilinu 15. apríl-15. september nema að fengnu leyfi. Síðan stendur: „Bannið gildir um svæðið meðfram ströndinni og neðan Útnesvegur.“ Náttúrufræðistofnun telur að bannið ætti að ná yfir stærra svæði, helst allan þjóðgarðinn, meðan á varptíma stendur.

Á bls. 27 er sett fram aðgerð vegna loftslagsvanda: „Gróðurþekja verður bætt (jarðvegur aukinn og vatnabúskapur bættur) og þar með upptaka CO2.“ Náttúrufræðistofnun telur að nánari skýringar þurfi á þessum lið, hvernig staðið verði að þessu og hvaða aðferðum verði beitt.

Á bls. 33 stendur “Stefnt er að því að gestir geti annars vegar áfram upplifað kyrrð þjóðgarðsins og hins vegar notað tæki þó þau framleiði hávaða .“ Þessa setningu þarf að laga.

Á bls. 49 kemur fram að niðurstöður rannsókna á lífríki verða gerðar aðgengilegar. Hér má bæta inn rannsóknum á jarðminjum og setningin verði “Niðurstöður rannsókna á lífríki og jarðminjum verða settar fram á aðgengilegan máta fyrir almenning, [...]”. Sama á við um texta á bls. 6 í Aðgerðaráætlun 2022-2024.



Á bls. 50 er talað um að jarðverkfræðing þurfi til að meta hættur á hruni í hraunhellum og við ströndina vegna sjávarrofs. Jarðvísindafólk er vel hæft til að meta slíkt og almennt telur Náttúrufræðistofnun að ekki eigi að grípa inn í náttúrulega framvindu innan þjóðgarðsins s.s. með byggingu varnargarða eða annarra slíkra mannvirkja. Hins vegar tekur stofnunin undir að fylgjast þarf með sjávarrofi við ströndina, ásamt hrunhættu í hellum, og tryggja með því öryggi gesta sem heimsækja þjóðgarðinn.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

